

Trúður eða trúverðugur leiðtogi. Volodymyr Zelensky

Það er fátt sem sýnist í Úkraínu. Greinarhöfundur eins og blaðamaðurinn, George Webb, gægist á bak við tjöldin.

Hér er sagt undan og ofan af aðdraganda stjórnarbyltingar Bandaríkja Norður-Ameríku í Úkraínu 2014. Byltingin var samvinnuverkefni utanríkisráðuneytisins og leyniþjónustunnar og úkraínskra auðjöfra eða auðvalda (oligarch). Barrack Obama var þá forseti Bandaríkjanna (2009 til 2017) og Joseph Biden varaforseti.

Aðalstrengjabrúða þeirra er Volodymyr. Aðalleikendur af hálfu bandarískra stjórnvalda voru sendiherrann, Geoffrey Ross Pyatt og Victoria Nuland.

Eins og menn vafalaust muna var Volodymyr gamanleikari á sjónvarpsstöð, sem fjármögnuð var af meintum, eftirlýstum stjórnþjófi, fylkisstjóra og bankastjóra, Ihor Kolomoyskyi. Auðvaldurinn sá hefur verið verulega liðtækur við að sölsa undir sig eigur úkraínsku þjóðarinnar og hefur með svikum og prettum komist yfir illa fengið fé annarra auðvalda í Austur-Evrópu. Ihor hvítþvær illa fengið fé sitt t.d. í Bretlandi og Bandaríkjunum.

Ihor gerir vel við vini sína eins og Volodymyr. Það ber m.a. glæsihús hans á Florida vitni um. Vini sínum, Jósef Biden, hefur hann heldur ekki gleymt. Fyrrverandi forsætisráðherra og seðlabankastjóri, Victor Yuschenko, er vildarmaður hans. Það er líka annar fyrrverandi forsætisráðherra, Yulia Tymoschenko.

Þræðirnir til núverandi forseta Bandaríkjanna liggja einnig um soninn, Hunter, sem þáði sæti í stjórn Burisma, stórfyrirtækis í Úkraínu á sviði gass og olíu, þegar byltingin var yfirstaðin. Þegar saksóknari Úkraínu tók upp á því að skoða spillinguna í tengslum við fyrirtækið, beitti Joseph sér fyrir því, að hann væri rekinn. Hann var þá aftur orðinn varaforseti Bandaríkjanna.

Ihor gerir ekki einungis vel við bandamenn sína í stjórnmalunum. Hann hefur einnig veitt rausnarlegum framlögum til bardagasveita nasista í landinu, eins og Azov sveitinni.

Í greinum og viðtölum er minnst á líftilraunastofur (biolab) þær, sem komið hefur verið upp víða í Úkraínu – í eigu úkraínskra og bandarískra aðilja, eftir því sem næst verður komist. Rússar hafa haft horn í síðu þeirra og haft grun um, að þar væru framleidd eiturefnavopn. Staðsetning þessara tilraunastofa á víð og dreif kynni að skýra loftárásir Rússa að hluta.

Volodymyr Úkraínuforseti hefur nán tengsl við Alheimsefnahagsráðið (World Economic Forum). Norski stjórnámálamaðurinn, Børge Brende, hefur setið við stjórnvölinn þar frá 2017. Børge hefur látið tvímælalausan stuðning í ljós, „fordæmir frá dýpstu hjartarótum yfirgang Rússa gagnvart Úkraínumönnum, ... árásir þeirra og ódæðisverk.“

https://twitter.com/RealGeorgeWebb1/status/1499024982923530242?ref_src=twsrc%5Egoogle%7Ctwcamp%5Eserp%7Ctwgr%5Etweet

<https://dailyexpose.uk/2022/02/28/russia-ukraine-who-is-to-blame/>

<https://www.weforum.org/people/volodymyr-zelenskyy>

<https://dailyexpose.uk/2022/02/24/is-there-is-more-to-the-ukraine-russia-conflict/>

<https://www.occrp.org/en/the-pandora-papers/pandora-papers-reveal-offshore-holdings-of-ukrainian-president-and-his-inner-circle>

<https://twitter.com/RealSaavedra/status/1174910135421919232>

<https://www.foxnews.com/politics/hunter-bidens-controversies-explained>

https://twitter.com/RealGeorgeWebb1/status/1499413514703806466?ref_src=twsrc%5Egoogle%7Ctwcamp%5Eserp%7Ctwgr%5Etweet

<https://www.youtube.com/watch?v=aCor07xRsAQ>

<https://dailyexpose.uk/2022/03/04/rise-of-zelensky-from-comedian-to-president/>